

Matís rannsakar peptíð úr fiskpróteinum:

# Getur fiskneysla lækkað blóðþrýsting?

„Í sígildri næringarfræði hafa prótein aðallega verið talin gefa nauðsynlega orku og næringu. Í „nýju næringarfræðinni“ er hins vegar litið svo á að peptíð, sem til staðar eru í próteinum meðal annars úr fiski, geti einnig haft lífeðlisfræðilega virkni,“ segir Margrét Geirsdóttir sérfræðingur hjá Matís.

Rannsóknir benda til að áhrif próteina á heilsu séu meiri en að afla nauðsynlegrar orku og næringar. Prótein eru mynduð úr langri keðju af aminosýrum og við niðurbrot á þeim við meltingu myndast smærri aminosýrueiningar, svokölluð peptíð. Peptíð gegna margþættum hlutverkum sem lífeðlisfræðilegir áhrifavaldar, til dæmis á blóðþrýsting, meltingu, oxunarferla og fleira í líkamanum. Það er því mögulegt að nota peptíð í heilsufæði, fæðubótarefni og slíkt, eins og þegar hefur verið gert, til dæmis í Noregi.

## Í viðtæku samstarfi

Hjá Matís er nýlokið verkefni „Einangrun, hreinsun og rannsóknir á blóðþrýstingslækkandi peptíðum úr fiskpróteinum“ sem styrkt var af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi.

„Rannsóknin er unnin í framhaldi af stóru Evrópuverkefni, SeafoodPLUS. Einnig kom til þessi „nýja næringarfræði“ sem við nefnum svo þar sem fjallað er um lífeðlisfræðilega virkni peptíða. Viða erlendis eru í þessu skyni notuð mjólkurprótein en við vildum kanna hvort hægt væri að þróa vörur með svipaða virkni úr fiskpróteinum. Aðallega var farið í verkefni fyrir frumkvæði Matís í samstarfi við lyfjafræðideild HÍ í framhaldi



Rannsóknir Matís sýna fram á að fiskneysla kann að hafa enn meiri áhrif á bætta heilsu en talið hefur verið hingað til.



„Getum framleitt hér á landi góða vöru sem getur aukið verðmæti sjávarfangs,“ segir Margrét Geirsdóttir, sérfræðingur hjá Matís.

af vinnu innan SeafoodPLUS sem hófst árið 2003 í samstarfi við íslenska fyrirtækið Prímex,“ segir Margrét.

## Ætla í dýratilraunir

Hjá Matís er stefnt að því að halda áfram með þessar rannsóknir. Er nú unnið að því að afla styrkja til að þróa framleiðsluna úr tilraunastofu í verksmiðju.

„Einnig stendur til að gera tilraunir á dýrum og vonandi í framhaldi af því mönnum og kanna áhrif peptíða unnum úr fiskpróteinum á blóðþrýsting. Dýratilraunir eru hins vegar kostnaðarsamar en nauðsynlegar þar sem virkni í tilraunaglassi er ekki það sama og virkni í líkama. Ekki má heldur gleyma rannsóknum á sviði markaðssetningar en það er verkþáttur sem oft getur gleymst í verkefnum sem þessum. Við höfum fulla trú á því að við getum framleitt góða vöru sem getur aukið verðmæti sjávarfangs á Íslandi,“ segir Margrét Geirsdóttir.